

Skák er skemmtileg

Fréttaskeyti Skákakademíunnar 7. tölublað 1. árgangur 7. desember



Elín Nhung er talningarmeistari Skákakademíunnar.

Maraðonið: Yfir milljón safnaðist!

Skákakademían þakkar öllum þeim sem með einum eða öðrum hætti komu að skákmaraðoninu sem haldið var í þágu barnaspítala Hringins. Fjöldinn allur af skákmönnum, skákrökkum, stórmeisturum og fyrirmönnum heimsóttu Kringluna, tóku skák og styrktu um leið Hringinn.



Stelpusveit Rimaskóla: Svandís, Heiðrún, Ásdís og Tinna.

Jólamót TR og SFS: Rimaskóli með gullin – frábær umgjörð hjá Taflfélagi Reykjavíkur og SFS

Sveitir Rimaskóla sigruðu í öllum flokkum á Jólamóti TR og SFS sem fram fór um síðustu helgi. Var sigurinn nokkuð öruggur í yngri flokki en sveit Melaskóla kom þó skammt á eftir og hafði tryggt sér silfrið fyrir síðustu umferð. Sveit Kelduskóla náldi svo í bronsið. Kelduskóli er sameinaður skóli Víkur- og Korpuskóla. Þar kennir Bragi Þorfinnsson skák á föstudögum og hinn ágæti skákmaður Hrafn Loftsson er liðsstjóri sveitarinnar enda faðir Hilmis Hrafnssonar sem leiðir sveitina á fyrsta borði.

Stelpusveit Rimaskóla sigraði í stelpuflokknum og eldri sveit skólans sigraði mjög örugglega í eldri flokknum enda skipað unglingalandsliðsmönnum á flestum borðum. Jólamótið fór nú fram í 30. skipti. Í öll skiptin hefur hinn kunni skákfrömuður **Ólafur H. Ólafsson** sinnt skákstjórn og var af því tilefni hylltur í upphafi móts með lófataki. Vert er að geta **frábærrar umgjörðar hjá TR og SFS** en mótið var mjög vel skipulagt. Sérstaklega var vel til fundið að fá hljóðkerfi í skáksalinn.

Kennsluaðstaða fyrir skákkennslu

Hvaða búnað þarf til að kenna skák?

Til að skákkennsla megi ganga vel þarf ákveðinn búnaður að vera fyrir hendi. Í mörgum þeim skólum sem Skákakademían kennir í er kennsluaðstaðan orðin afar góð – en þó má enn bæta aðstöðuna í nokkrum skólanna.

Hin fullkomna skákkennsluaðstaða:

1. **Borð og stólar.** Frumskilyrði fyrir skákkennslu er auðvitað borð og stólar og mikilvægt að þau sé í réttri hæð og stærð fyrir nemendur. Þetta er mjög mikilvægt atriði og má ekki vanmeta. Best er að borðin séu stök svo auðvelt sé að setja stóla sitt hvoru megin við þau. Einnig skiptir máli að sem minnst sé á borðunum til að skákborðin komist vel fyrir.
2. **Skáksett á staðnum.** Það er afar þægilegt fyrir skákkennarann að skáksettin sé í skákstofunni svo ekki þurfi að koma með þau inn í stofuna í hverja kennslustund. Þetta atriði hefur bæst mikið að undanfögnu og fleiri og fleiri skólar keypt skáksett en þó enn allmargir skólar eftir að kaupa sett.
3. **Sýningartafl í stofunni.** Í fáeinum kennslustofum er fast sýningartafl. Slíkt er auðvitað frábært en í flestum tilvikum þarf skákkennarinn að koma sjálfur með sýningartafl. Það er þó nokkuð auðvelt enda notast kennarar Skákakademíunnar við mjög létt og þægileg sýningartöfl sem er auðvelt að hengja upp.
4. **Tölva, skjávarpi og tjald.** Víða hefur verið komið upp skjávarpa og tjaldi í skólastofum. Slíkt eykur möguleika skákkennarans og fjölbreytni kennslunnar. Hægt er að tefla á netinu með nemendum og sýna þeim kennslumyndbönd á tjaldinu.

Ef öll atriðin eru fyrir hendi má segja að aðstæður skákkennarans séu með allra besta móti.

Alþjóðlegt mót vikunnar: Opna tékkneska meistaramótið



Séð yfir skáksalinn í hokkíhöllinni.

Þeir eru margir Íslendingarnir sem hafa farið á Opna tékkneska meistaramótið, sem haldið er í júlí ár hvert. Í raun er þetta heljarinnar skákhátíð, í bænum Pardubice sem er um 100 km frá Prag. Mótið sjálf fer yfirleitt fram frá ca. 20. - 30. júlí en hátíðin sjálf hefst fyrr í mánuðinum með mörgum minni mótum.

Teflt er í nokkrum flokkum og getur hvaða skákmaður sem er fundið flokk við hæfi. Í heildina tefla nokkur hundruð skákmenn á mótinu og í a-flokki fjöldinn allur af stórmeisturum. Allir flokkar fara fram í hokkíhöll sem er stödd miðsvæðis í bænum.

Auðvelt er að komast á staðinn; taka flug til Prag og þaðan er það lest eða leigubíll til Pardubice. Mjög heitt er á þessum árstíma í Tékklandi, stuttbuxur og bolur skal það vera. Verðlag er nokkuð ódýrt og hægt að fá góða máltíð á um 1000 krónur. Góð hótél eru í stuttri fjarlægð frá skákstaðnum. Íslendingar hafa oft gist á hinu kunna hóteli Hotel Labe og látið vel af.

Mótið er ágætt til að næla sér í áfanga og/eða hækka á stigum, enda hefur Íslendingum yfirleitt gengið vel á mótinu.

Á síðasta ári fóru nokkrir Íslendingar á mótið og meðal annars Íslandsmeistaraveit Álfhólsskóla. Upp úr aldamótunum fór yfirleitt stór hópur Íslendinga á mótið. Var þá jafnan tekið þátt í fótboldamóti samhliða taflmennsku, og vannst eitt sinn sigur á mótinu.

Hópförð Íslendinga næsta sumar? Það eru ýmsir kostir við Opna tékkneska meistaramótið.

Verð á allri ferðinni er viðráðanlegt og í ódýrari kantinum litið til annarra skákferða.

Ferðalagið á staðinn er nokkuð auðvelt og einfalt.

Mótið er gott til að hækka á stigum og/eða ná í áfanga.


Í júlí eru margir Íslendingar í sumarfrí.

Gisti- og keppnisaðstæður eru ágætar. Örfáar mínútur tekur að ganga frá Hotel Labe að skákstaðnum.

Margt fleira má gera kringum mótið eins og að taka þátt í fótboldamótinu eða stoppa við í Prag sem er með fallestri borgum Evrópu.

Skákþraut vikunnar

Hvítur mátar í tveimur leikjum!



Svar neðst á síðunni!

Staða vikunnar kemur úr skák Albin Planinec gegn Milan Matulovic frá árinu 1965.

Hvítur hefur þanið sig mikið á kóngsvængnum og reynir að freista þess að sveifla hróknum frá d3 yfir á h-línuna.

30. D_xh7+!! K_xh7

31. H_h3 mát

